Ísafjörður, 29. júní 2026

Efni: Erindi um úrbætur í Tunguhverfi

Góðan dag.

Ég er íbúi í Tunguhverfi og langar að koma eftirfarandi á framfæri við þá sem málið varðar.

Það er löngu tímabært að bæta aðstöðu fyrir gangandi vegfarendur í Tunguhverfi. Það vantar sárlega gangstéttir og ruslatunnur við ljósastaura.

Hverfið er fullt af börnum sem ganga eða hjóla, auk fjölda annarra sem fara um hverfið og upp Tungudal. Af öryggisástæðum er nauðsynlegt að leggja gangstéttir, sérstaklega meðfram aðalgötunni. Einnig vantar gangbraut að strætóskýlinu, viðeigandi umferðarmerki sem vara við gangandi börnum og lýsingu við strætóskýlið. Á dimmustu mánuðum ársins er þar mjög dimmt, sem skapar óöryggi og eykur hættu fyrir gangandi vegfarendur.

Brúin yfir ána við Tungu er einnig í mjög slæmu ástandi. Á henni eru göt og handriðið er laust á köflum, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þetta skapar verulega slysahættu og mikilvægt er að brugðist verði við sem fyrst.

Í fundargerðum bæjarins hefur verið rætt um að setja upp ærslabelg í Holtahverfi. Ég vil hvetja bæinn til að skoða jafnframt möguleikann á að staðsetja slíkan belg í Tunguhverfi, sem er miðsvæðis fyrir bæði Holtahverfi og Seljaland. Slík staðsetning myndi nýtast mun fleiri íbúum.

Í Holtahverfi er þegar fótboltavöllur og körfuboltavöllur í uppbyggingu, auk annarra leiktækja. Það væri því eðlilegt að horfa einnig til Tunguhverfis þegar kemur að frekari uppbyggingu fyrir börn og fjölskyldur, þannig að aðstaða nýtist sem flestum og uppbygging dreifist með sanngjörnum hætti milli hverfa.

Það vekur upp spurningar hvers vegna uppbygging fyrir börn og fjölskyldur virðist ítrekað beinast að Holtahverfi. Er ekki kominn tími til að horfa jafnt til þarfa allra hverfa og forgangsraða framkvæmdum þannig að öll börn í sveitarfélaginu njóti sambærilegrar aðstöðu?

Að lokum vil ég hvetja Ísafjarðarbæ til að horfa jafnt til þarfa allra hverfa þegar forgangsraðað er framkvæmdum. Börn í Tunguhverfi eiga, líkt og önnur börn í sveitarfélaginu, skilið öruggt, aðgengilegt og aðlaðandi nærumhverfi.

Með erindi þessu fylgir undirskriftalisti íbúa sem lýsa yfir stuðningi við þær úrbætur sem hér eru lagðar til. Ég vona að hann sýni að þetta er sameiginlegt hagsmunamál íbúa hverfisins og að erindið verði tekið til jákvæðrar og málefnalegrar umfjöllunar.

Með von um góð viðbrögð.

Fyrir hönd íbúa Tunguhverfis

Steiney Ninna Halldórsdóttir

Undirskriftalisti

Stuðningur við erindi til Ísafjarðarbæjar um úrbætur í Tunguhverfi

Með undirskrift okkar lýsum við yfir stuðningi við meðfylgjandi erindi til Ísafjarðarbæjar um bætt umferðaröryggi og aukna aðstöðu í Tunguhverfi.

Nafn Arna Svanbjörnsson

Jónas [illegible]

Karen Lind Guðmundsd.

Eydís Flosad.

Hafþór Ingi Haraldsson

Regína Sif Rúnarsdóttir

Alexander Már Hermannsson

Sigrún L Sigurðardóttir

Kristín Ólafsd

Freyr Björnsson

Jóna B. Brynjarsd.

Júlíus S. Ragnarsson

Gunnar I Hákonarson

Bryndís K. Hákonard.

Ragnheiður Gretarsd.

Sveinn H. Þorbjörnsson

Sindri Þór Ólafsson

Brá Jónsdóttir

Lilja Guðrún Jónsdóttir

Agnes Aspelund

Eyleif Hauksdóttir

F.R.H. →

Halvarður Aspelund f.

Kristín Haraldsdóttir

Hermann Þorsteinsson

Þorsteinn Guðlaugsson

Unnur Ólafsdóttir

Hlíf Guðmundsd.

Einar Birkir Sveinbjörnsson

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir

Sveinhildur Garðarsdóttir

Ragnar Ingi Kristinsson

Aurélien Norest

Sigríður Hlalla Halldórsdóttir

Brynhildur Benediktsdóttir